


# Colas Ísland ehf. Grænt bókhald 2022





## Efnisyfirlit

1. Yfirlýsing fyrirtækis .....	2
2. Áritun endurskoðanda.....	3
3. Um fyrirtækið .....	4
4. Starfsemi .....	5
5. Umhverfismarkmið 2022.....	6
6. Helstu umhverfisþættir .....	7
7. Hráefna og auðlindanotkun.....	8




## 1. Yfirlýsing fyrirtækis

Stjórn Colas Ísland ehf. staðfestir upplýsingar þær sem fram koma í grænu bókhaldi Colas Ísland ehf. Vegna framleiðsluleyndar hefur félagið valið að birta upplýsingar um hráefnanotkun sem vísitölur sbr. heimild í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Hafnarfirði 24.07.2023

Fyrir hönd stjórnar Colas Ísland ehf.

  
Sigþór Sigurðsson Kt. 420187-1499  
Framkvæmdastjóri

Colas Ísland ehf  
Grænt bókhald 2022



## 2. Áritun endurskoðanda

Við höfum sannreynt tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Colas Ísland ehf. fyrir árið 2022 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002

Skoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem koma fram í græna bókhaldinu.

Við teljum að skoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Colas Ísland ehf fyrir árið 2022 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 24.07.2023

PricewaterhouseCoopers ehf

Ólafur Gestsson



### 3. Um fyrirtækið

#### Heimilisfang, sími og netfang:

Colas Ísland ehf.  
Gullhella 1  
221 Hafnarfjörður

Sími: 565-2030

Netfang: sigthor@colas.is

Vefsíða: www.colas.is

#### Stjórn fyrirtækisins:

Hans Oluf Krog	Forstjóri Colas A/S
Anne Wennevold	Fjármálastjóri Colas A/S
Sigþór Sigurðsson	Framkvæmdastjóri Colas Ísland ehf

Framkvæmdastjóri: Sigþór Sigurðsson, vélaverkfræðingur





#### 4. Starfsemi

Colas Ísland ehf. ( áður Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf. ) var stofnuð í janúar 1987 og er í dag alfarið í eigu Colas Danmark A/S sem er í eigu Colas SA, Frakklandi. Colas samsteypan er stærsta malbiksverktakasamsteypa í heiminum og er með starfsemi í yfir 70 löndum í 5 heimsálfum. Colas Ísland ehf. leggur mikla áherslu á gæða, umhverfis og öryggismál og starfar eftir samþætту stjórnkerfi sem er vottað samkvæmt ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Að auki framleiðir fyrirtækið CE merkt malbik og bikþeytu.

Frá árinu 2008 hefur Colas Ísland ehf. haft sína aðalstarfsstöð að Gullhelli 1 í Hafnarfirði. Þar er stærsta malbikunarstöð fyrirtækisins, KVM, sem afkastar 240 tonnum á klukkustund. Árið 2016 bættist önnur stöð við, Marini. Marini er færanleg malbikunarstöð sem staðsett hefur verið á Keflavíkflugvelli og þjónustar flugvöllinn og nágrenni. Marini stöðin getur framleitt allt að 200 tonn á klukkustund. Árið 2017 bætti fyrirtækið við sig þriðju malbikunarstöðinni, Amomatic SM120, en hún afkastar allt að 120 tonnum á klukkustund. Amomatic stöðin er færanleg malbikunarstöð og þjónustar landsbyggðina. Í ársbyrjun 2021 sameinaðist svo rekstur Norðurbiks ehf rekstri Colas Ísland ehf og bættust þá við tvær færanlegar Amman stöðvar sem afkasta 60 tonnum á klst hvor auk þess sem fyrirtækið leigði Benninghoven stöð sem einnig er færanleg og getur afkastað 150 tonnum á klst. Alls getur fyrirtækið því framleitt 840 tonn af malbiki á klukkustund. Allar eru malbikunarstöðvarnar með gild starfsleyfi. Auk þess að framleiða malbik starfrækir fyrirtækið bikstöð við Óseyrabraut og á Krossanesi á Akureyri, rekur vélaverkstæði við Álfbelli og fræsir og leggur út malbik. Árið 2020 keypti fyrirtækið sérhæfða færanlega kaldblöndunarstöð þar sem framleidd er kaldblandað malbik úr 95-96% endurunnu malbiki. Umhverfismál eru mikilvæg fyrirtækinu, fyrirtækið vaktar og stýrir mikilvægum umhverfisþáttum og hvetur til aukinnar endurvinnslu á malbiki. Fyrirtækið tekur á móti malbiksafgöngum til endurvinnslu að Gullhelli 1.

#### Umhverfisstefna

Colas Ísland ehf. starfar samkvæmt kröfum ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalsins. Fyrirtækið starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og færir grænt bókhald. Stefna Colas Ísland ehf. er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og leitast fyrirtækið við að lágmarka mengun og ónæði af starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið skuldbindur sig til að vinna að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála og stefnir á kolefnishlutleysi árið 2030.

Colas Ísland ehf. vill vera þekkt í samfélaginu sem góður vinnustaður með gott vinnuumhverfi. Colas Ísland ehf. ætlar að vera í fremstu röð í umhverfismálum og mun, þar sem við á, setja strangari reglur um eigin starfsemi en þær sem almennt gilda í samfélaginu. Fyrirtækið veitir starfsmönnum fræðslu og þjálfun svo þeir geti sinnt störfum sínum á umhverfisvænan hátt. Hver aðgerð og hver starfsmaður á að stefna að því að umhverfið beri ekki skaða af starfseminni.

Colas Ísland ehf. gætir að umhverfismálum við alla þróun og framleiðslu. Fyrirtækið stefnir að aukinni endurvinnslu malbiks með því að kynna fyrir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum þau jákvæðu umhverfisáhrif sem hljóttast af slíkri endurnýtingu.



## 5. Umhverfismarkmið 2022

Colas Ísland ehf. er eitt þeirra fyrirtækja sem skrifað hefur undir loftslagsyfirlýsingu Festu samfélagsábyrgðar og Reykjavíkurborgar. Með undirskriftinni staðfesti Colas Ísland ehf. að fyrirtækið ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang frá starfsemi sinni. Samhliða undirskriftinni setti fyrirtækið sér markmið varðandi losun gróðurhúsalofttegunda sem í dag eru umhverfismarkmið Colas Ísland hf.

### **Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda**

Markmið Colas var að skipta út að lágmarki 10 bílum út fyrir rafmagnsbíla fyrir árið 2022. Skipta út öllum bílum fyrir rafmagns eða græn orkubíla árið 2030.

### **Að auka kolefnisjöfnun**

Markmið ársins 2022 var að gróðursetja a.m.k. 500 tré

### **Að auka flokkun úrgangs**

Stefnt að því að flokkun úrgangs til endurvinnslu verði 80% árið 2022

### **Að auka notkun á endurunnu malbiki við framleiðslu á nýju**

Stefnt er að því að nota 30.000 tonn af endurunnu malbiki í framleiðslu árið

### **Að kolefnisjafna olíunotkun fyrirtækisins 2022**



## 6. Helstu umhverfispættir

Fyrirtækið hefur skilgreint helstu umhverfispætti tengda rekstrinum. Umhverfispættirnir eru vaktaðir og þeim stýrt ef þörf er á, allt í þeim tilgangi að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af rekstrinum og í tilfelli landgræðslu að auka jákvæð umhverfisáhrif.

Umhverfispættirnir eru:

- Steinefni
- Stungubik
- Íaukar
- Endurvinnsla malbiks og bikbindiefna
- Varasöm efni
- Rafmagn
- Eldsneytistankar
- Vatn
- Malbik
- Fastur úrgangur
- Spilliefni
- Útblástur frá malbikunarstöðvum
- Eldsneytisútbíástur
- Hávaði
- Landgræðsla
- Færanlegar malbikunarstöðvar



## 7. Hráefna og auðlindanotkun

Hér á eftir er birt hráefna og auðlindanotkun Colas ehf. fyrir árið 2022. Tölulegar upplýsingar um framleiðslu byggja á grunnárinu 2003 nema annað sé tekið fram.

<b>Umhverfisþættir bik- og malbikunarstöðvar</b>		
<b>Grunnár 2003 = 100</b>		
	<b>2022 *</b>	
<b>Hráefni í malbik</b>		
Bik	222	
Steinefni	300	
Steinefni, bein sala	3254	
Íblöndunarefni	889	
<b>Hráefni í bikþeytur, þjálbik og þunnbik</b>		
Bik	353	
Lífolía	418	14
Terpentína	19	14
Steinolía	24	15
Íblöndunarefni	418	14
<b>Orka</b>		
Rafmagn malbikunarstöð	246	
Olía, framleiðsla	233	
Olía, vélar og tæki	309	11
Rafmagn, bikstöðvar	214	14
Olía, vélar og tæki	122	14
<b>Vatnsnotkun</b>		
Malbikunarstöð	189	
Bikstöð	100	22
<b>Úrgangur</b>		
Spilliolía	1341	
Málmur	160	
Blandaður úrgangur	127	
Grófur úrgangur	25	
Lífrænt	274	17
Plast	133	17
Pappi og pappír	1604	10
Timbur og trjáafklippur	1682	
* Grunnár annað en 2003 ( 10 = 2010 osfrv )		